



Sérfræðingur í heimilislækningum við Heilsugæsluna Hamraborg

Um er að ræða 100% starfshlutfall eða eftir nánara samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 15. sept. 2016 eða eftir samkomulagi. Til greina kemur að ráða lækni með aðra sérgrein sem hefur áhuga á að kynna sér heimilislækningar.

Umsóknarfrestur er til og með 5. september 2016.

Heilsugæslan Hamraborg er hverfisstöð og er fyrst og fremst ætlað að þjóna íbúum vesturhluta Kópavogs. Á heilsugæslustöðinni starfa sex sérfræðingar í heimilislækningum ásamt sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og riturum. Heilsugæslunni Hamraborg er ætlað að veita íbúum Kópavogs almenna lækni- og hjúkrunarþjónustu. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfssvið heilsugæslulæknis er víðtækt og felst m.a. í almennum lækningum, heilsuvernd, vaktþjónustu og kennslu nema. Hann veitir fræðslu og upplýsingar og leiðbeinir skjólstæðingum og aðstandendum. Heilsugæslulæknir er ennfremur virkur þátttakandi í þróun sinnar faggreinar innan starfsstöðvar og er þátttakandi í vísindarannsóknum, gæða- og umbótaverkefnum.

Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um lækni- og lækisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í allt að 6 mánuði.

Við ráðningar í störf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar. Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Hæfnikröfur

- Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af og vilji til þverfaglegar teymisvinnu
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Reynsla af kennslu æskileg

Frekari upplýsingar um starfið:

Upplýsingar um starfið veitir Kristjana Sigrún Kjartansdóttir, yfirlæknir Heilsugæslunnar Hamraborg í síma 594-0500 eða í tölvupósti

(kristjana.sigrun.kjartansdottir@heilsugaeslan.is).